

Tillaga um umferðaröryggisúrbætur á ljósastýrðum gatnamótum

Lagt er til að fela skrifstofu samgangna og borgarhönnunar að skoða tækifæri til að bæta umferðaröryggi gangandi vegfarenda, og þá sérstaklega barna, á umferðarljósastýrðum gatnamótum með einföldum breytingum á ljósastýringu eða öðrum leiðum. Heildstæð úrbótaáætlun verði unnin á grundvelli greiningarinnar.

Greinargerð:

Í borgarlandinu eru til staðar ljósastýrð gatnamót með grænum ljósum á gangandi og akandi vegfarendur samtímis, þar sem treyst er á meðvitund gangandi og akandi vegfarenda um þá ráðstöfun. Á leið barna til skóla og frístundaiðkunar er sérstaklega brýnt að aðstæður þegar kemur að umferðaröryggi gangandi og hjólandi vegfarenda leyfi þeim vegfarendum að njóta vafans. Ekki er hægt að gera ráð fyrir að ung börn geti lesið í umferðina og hættan er sú að akandi vegfarendur taki ekki nægilega vel eftir þar sem græna ljósið getur virkað ruglandi. Víða innan hverfa borgarinnar er róleg umferð þar sem ekki getur talist nauðsynlegt að hafa græna fasa samtímis á akandi og gangandi og verðugt er að meta uppfærslur á slíkum stöðum, sér í lagi á fjölförnum leiðum barna.